
Starfslýsing

Yfirmaður: Slökkviliðstjóri, aðstoðarslökkviliðstjóri
Stofnun / deild Slökkvilið Fjarðabyggðar

1. Stjórnskipun, ábyrgð, markmið og meginviðfangsefni

Slökkvistarf er hluti af grunnþjónustu sveitarfélaga og er markmiði þess m.a. lýst í lögum, sbr. reglugerð um um brunavarnir 792/2001 þ.e. að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja fullnægjandi viðbúnað og viðbragð við veikindum, slysum, eldsvoðum og mengunaróhöppum.

Varðstjóri er stjórnandi á vettvangi í samráði við aðra yfirmenn slökkviliðsins. Starfar sem milli stjórnandi samkvæmt útgefinni vaktaskrá varðstjóra, ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á verkefnum sínum gagnvart slökkviliðsstjóra, fer með daglega stjórn á útkallsdeild liðsins og skipuleggur æfingar og þjálfun þess í samráði við næstu yfirmenn. Telst til vakthafandi liðsheildar og sinnir útköllum þegar þörf er á. Hagar vinnu sinni í samræmi við lög, reglugerðir, starfslýsingu og starfsmannastefnu Fjarðabyggðar.

2. Helstu verkefni

2.1. Almenn

- Ber ábyrgð á því að manna vakt og úthluta og stýra verkefnum hennar á hverjum tíma.
- Ber ábyrgð á þeim starfsmönnum sem standa vaktina á hverjum tíma, stjórnar aðgerðum á vettvangi og sér um samskipti við aðra viðbragðsaðila.
- Tekur þátt í eldvarnareftirliti.
- Tekur þátt í fræðslu og sí- og endurmenntun.
- Slökkvi- og björgunarstörf, sjúkraflutningar, æfingar og þjálfun.

2.2. Stjórnsýsla, nefndir og stefnumótun

- Þátttaka í stefnumótun og markmiðasetningu slökkviliðs, fjárhags- og starfsáætlunum

1.2. Fjármál

- Er í störfum sínum bundinn af fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar hverju sinni.

1.3. Mannaforráð og stjórnun

- Verkstjórn daglegra verkefna vakthafandi vaktar, æfingar hennar og útköll.
- Stýrir útkallsdeild í afleysingum sem stjórnandi á bakvöktum.

1.4. Teymisvinna

- Er hluti af stjórnandateymi slökkviliðs.

1.5. Samskipti

- Starf varðstjóra reynir mikið á samskiptahæfni, bæði gagnvart starfsmönnum, samstarfsaðilum og þjónustuþegum.



Varðstjóri 5161/5169

1.6. Önnur verkefni

- Tekur þátt í að skipuleggja og sinna fræðslu innan sem utan veggja stofnunar.
- Annast verkefnavinnu sem þörf er á vegna starfsemi slökkviliðsins.
- Umhirða húss og tækja og önnur verkefni er til falla á slökkvistöð.

2. Hæfni- og samstarfsmarkmið

2.1. Menntun og reynsla

- Uppfyllir skilyrði samanber reglugerð 792/2001 um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna:
 - Hafa góða líkamsburði, vera andlega og líkamlega heilbrigðir, reglusamir og háttvísir, hafa góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun og vera ekki haldnir lofthræðslu eða innilokunarkennd.
 - Aukin ökuréttindi (C).
 - Iðnmenntun og/eða stúdentspróf.
- Að lágmarki 5 ára starfsreynsla sem slökkviliðsmaður.
- Fornám og atvinnunám slökkviliðsmanna.
- Löggildur sjúkraflutningsmaður.
- Víðtæk stjórnunarreynsla.
- Almenn tölvukunnátta.

2.2. Hæfnispættir

- Hafa faglega þekkingu á viðfangsefnum slökkviliðs og sjúkraflutninga
- Líkamlegt atgervi til að stjórna slökkvistarfi.
- Leiðtoga- og skipulags hæfileikar.
- Jákvæðni
- Framúrskarandi samskiptahæfni. Frumkvæði, sjálfstæði og öguð vinnubrögð.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Geta til að taka þátt í og stjórna breytingum.
- Heiðarleiki og trúverðugleiki.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að hafa á sér gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Fjarðabyggð _____

Yfirmaður

Starfsmaður